

Uppgjör Kögunar ehf. fyrir tímabilið janúar til desember 2007.

EBITDA samstæðunnar er 1.080 mkr eða 11,9% og hagnaður eftir skatta 645 mkr.

Stjórn Kögunar ehf. (ICEX: KOGN) samþykkti á fundi þann 31. janúar 2008 ársreikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar – 31. desember 2007. Reikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess, Skýrr ehf., EJS ehf og Eskli ehf.

Helstu atriði:

- Rekstrartekjur jukust um 1.747 mkr. eða 24% frá árinu 2006.
- Inn ehf. bætist við samstæðuna þann 1. september 2007 og var í kjölfarið sameinað Eskli ehf.
- EBITDA af reglubundinni starfsemi er 1.080 mkr. og eykst um 209 mkr. eða 24% á milli ára.
- Innri vöxtur í veltu samstæðunnar nam 15% á milli ára
- Innri vöxtur EBITDA nam 18% á milli ára.
- Framlegð jókst um 438 mkr eða 25% frá árinu 2006 og var nokkuð umfram áætlanir.
- Hagnaður samstæðunnar fyrir skatta er 837 mkr, hagnaður eftir skatta er 645 mkr.
- Í ofangreindum samanburði hefur verið tekið tillit til aflagðrar starfsemi í kjölfar breytinga á samstæðu Kögunar í árslok 2006.

Kögunarsamstæðan	Jan. – des.	Jan. –des.	% breyting
	2007	2006	
Upphæðir í milljónum kr.			
Rekstrartekjur.....	9.058	7.312	24%
EBITDA af reglubundinni starfsemi	1.080	871	24%
Hagnaður / (tap) fyrir skatta	837	-321	-/-
Hagnaður / (tap) af aflagðri starfsemi.....	0	-944	-/-
Hagnaður / (tap) tímabilsins	645	-1.253	-/-

Um uppgjörið:

Rekstur Kögunarsamstæðunnar á árinu 2007 hefur gengið vel og er afkoma nær allra fyrirtækja innan samstæðunnar yfir áætlunum. Mikil eftirspurn hefur verið eftir þeirri þjónustu sem samstæðan veitir ásamt því að gengið hefur verið frá framlengingu á nokkrum stórum samningum á árinu og nýir sigrar unnist. Unnið hefur verið að frekari samþættingu og hagræðingu og hefur margt áunnist í þeim efnum þó enn séu tækifæri til að gera enn betur. Stjórnendur Kögunar ehf eru mjög ánægðir með uppgjörið og bjartsýnir á að rekstur samstæðunnar gangi vel á komandi ári.

Rekstur dótturfélaga

Samstæða Kögunar hf. samanstendur í dag af fjórum félögum þ.e. Kögun ehf., Skýrr ehf., EJS, ehf, og Eskli ehf. Á síðasta ári, og á árinu 2007, hafa þær breytingar orðið helstar að Verk- og kerfisfræðistofan hf. og Kögurnes hf. hafa sameinast Kögun ehf. Skýrr ehf og Teymi ehf sameinuðust á síðasta ári. EJS ehf. færðist úr því að vera dótturfélag Skýrr ehf yfir í dótturfélag Kögunar ehf og Eskli ehf færðist úr því að vera dótturfélag EJS ehf. yfir í að vera dótturfélag Kögunar ehf. Inn ehf. sem var keypt í september var sameinað Eskli ehf. frá og með 1. september 2007. Með þessum breytingum, og tilfærslum ákveðinna verkefna, hefur verið skerpt á áherslum einstakra félaga innan samstæðunnar og samlegð í rekstri og verkefnavinnslu aukin til muna. Kögun ehf. er hluti af samstæðu Teymis hf. sem er skráð í Kauphöll Íslands (ICEX:TEYMI).

FJÁRHAGSYFIRLIT

Rekstrarreikningur Kógunarsamstæðunnar er birtur með sömu framsetningu og í árslok 2006. Einungis er birtur samanburður við árið 2006 og er það gert í samræði við Kauphöll Íslands. Ítarlega hefur verið gerð grein fyrir rekstri fyrri ára í bæði árs- og milliuppgjörum og er því vísað í eldri fréttatilkynningar Kógunar hf. sem birtar hafa verið í fréttakerfi Kauphallar Íslands í því sambandi.

Niðurstöður janúar – desember 2007

Rekstrarreikningur janúar - desember 2007

	jan - des 2007	jan - des 2006
Áframhaldandi rekstur		
Sala	9.058.369	7.311.543
Kostnaðaverð seldra vara	(6.841.770)	(5.533.123)
Framlegð	<u>2.216.599</u>	<u>1.778.420</u>
Aðrar tekjur	48.413	687.764
Sölu- og markaðskostnaður	(433.634)	(316.825)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(1.169.339)	(982.252)
Virðisryrnun óefnislegra eigna		(18.560)
Rekstrarafkoma (EBIT)	<u>662.039</u>	<u>1.148.547</u>
Fjármagnstekjur	1.119.593	233.234
Fjármagnsgjöld	(944.393)	(1.702.446)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	<u>175.200</u>	<u>(1.469.212)</u>
Hagnaður fyrir skatta	837.239	(320.665)
Tekjuskattur	(191.616)	11.250
Hagnaður (tap) af áframhaldandi rekstri	<u>645.623</u>	<u>(309.415)</u>
Aflögð starfsemi		
Hagnaður (tap) af aflagðri starfsemi	0	(943.725)
Hagnaður (tap) ársins	<u>645.623</u>	<u>(1.253.140)</u>
Hagnaður (tap) ársins skiptist þannig		
Hluthafar móðurfélags	645.623	(1.124.545)
Minnihluti	0	(128.595)
Hagnaður (tap) ársins	<u>645.623</u>	<u>(1.253.140)</u>
EBITDA af reglubundinni starfsemi	1.080.226	871.105
Hagnaður á hlut		
Hagnaður (tap) á hverja krónu hlutfjár	3,53	(6,60)
Hagnaður á hlut af áframhaldandi rekstri		
Hagnaður (tap) á hverja krónu hlutfjár	3,53	(1,63)

Niðurstöður janúar – desember 2007 frh.

Efnahagsreikningur 31.12.2007

	31.12.2007	31.12.2006
Eignir:		
Varanlegir rekstrarfjármunir	541.744	467.736
Óefnislegar eignir	8.294.358	8.338.969
Eignarhlutir í öðrum félögum	37.235	33.984
Langtímakröfur	4.522.353	7.419.774
Tekjuskattssinneign		37.693
Fastafjármunir	13.395.690	16.298.156
Vörubirgðir og verk í vinnslu	375.209	245.792
Skammtímakröfur	2.812.248	2.932.882
Handbært fé	782.018	377.935
Veltufjármunir	3.969.475	3.556.609
Eignir samtals	17.365.165	19.854.765
Eigið fé:		
Hlutfé	183.000	183.000
Yfirverðsreikningur	2.258.762	2.248.951
Lögbundinn varasjóður	45.750	45.750
Óráðstafað eigið fé	645.151	0
Eigið fé samtals	3.132.663	2.477.701
Skuldir:		
Vaxtaberandi langtímaskuldir	12.158.451	14.618.927
Tekjuskattsskuldbinding	84.008	0
Langtímaskuldir	12.242.459	14.618.927
Næsta árs afborgun langtímalána og skammtímalán	109.956	215.624
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	1.880.087	2.542.513
	1.990.043	2.758.137
Skuldir samtals	14.232.502	17.377.064
Eigið fé og skuldir samtals	17.365.165	19.854.765

Framtíðarhorfur

Eins og fram hefur komið að ofan þá hefur samstæða Kögunar ehf. breyst umtalsvert á síðastu tveimur árum. Kögun ehf. er nú hluti af Teymi hf. sem er öflugasta fjarskipta- og upplýsingatæknifyrirtæki landsins. Hlutverk Kögunar í þeirri samstæðu er að vaxa markvisst á innanlandsmarkaði og styrkja enn frekar stöðu sína og dótturfélaga sem leiðandi fyrirtækja á upplýsingatæknimarkaði. Heildarfjöldi starfsmanna innan samstæðu Kögunar ehf. var um síðustu áramót ríflega 500 manns og hefur fjöldi starfsmanna vaxið nokkuð á síðustu mánuðum. Verkefnastaða allra félaganna er góð og árið 2008 fer vel af stað.

Nánari upplýsingar um uppgjörið veita:

Bjarni Birgisson, forstjóri sími 898-2006
Jóhann Þór Jónsson, fjármálastjóri sími 861-7221